



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2020

2011057SA KB/vrb
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins nr. 83/2003, S-245/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 13. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Almennt

Frumvarpið er hluti af heildstæðri endurskoðun á lagaumhverfi um málefni barna sem hefur það markmið að bæta snemmtækan stuðning við börn og samvinnu þeirra sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Með frumvarpinu er lögð til breyting á heiti stofnunarinnar og skilgreiningar laganna eru uppfærðar til samræmis við nýja löggjöf og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lagðar eru til breytingar sem tengjast auknu samstarfi og samþættingu þjónustu í þágu barna og fyrirkomulagi frumgreininga. Þá eru þeir hópar sem njóta þjónustu stofnunarinnar skilgreindir betur og skyldur stofnunarinnar gagnvart þeim skýrðar sem og skyldur hennar gagnvart þjónustuveitendum.

Tillögur til breytinga í fyrirliggjandi drögum eru langflestar nauðsynlegar og telur sambandið að þær þjóni í grunninn jákvæðum tilgangi. Álitafni eru þó til staðar um nokkur atriði sem rakin eru hér á eftir og óskar sambandið eftir því að fá fund með ráðuneytinu til þess að fara yfir hvernig ná megji markmiðum lagabreytinga eftir mismunandi leiðum.

Þá er einnig rétt að hafa í huga að áformaðar breytingar vekja upp þá spurningu hvenær afstaða verði tekin til útvíkkunar á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar gagnvart fötluðum ungmennum 18-24 ára. Áform í þessa veru voru uppi á sínum tíma (2014-2015) en runnu út í sandinn. Því bagalega ástandi er því viðhaldið að ungt fatlað fólk sem er að taka skref í átt til sjálfstæðrar tilveru eigi ekki lögbundinn aðgang að þjónustu stofnunarinnar einkum á sviði ráðgjafar. Vinna ber markvisst gegn því að rof verði í stuðningi í kringum tvítugsaldurinn og tryggja samfellu á milli þjónustukerfa. Mikilvægt er að þeir sem ákvarða opinberan stuðning hafi skilning á einstaklingsbundnum aðstæðum og að skrifinnnska leiði ekki til óraunhæfra krafna, t.d. að fatlað ungmenni þurfi að fara í gegnum endurhæfingu til þess að geta sótt um lífeyrisgreiðslur sér til framfærslu.

Þá er óhjákvæmilegt að leggja þunga áherslu á að tryggja beri stofnuninni þá fjármuni sem lögbundin verkefni hennar kalla á. Viðvarandi aðhaldskrafa á framlögum skv. fjárlögum til þjónustu hefur verulega neikvæð áhrif, fyrst og fremst fyrir notendur en einnig fyrir önnur þjónustukerfi. Niðurskurður ýtir ævinlega undir

tilhneigingu til þess að skilgreina lögbundin verkefni og ábyrgð þrengra en efni standa til. Af þeirri ástæðu er mikilvægt og jákvætt að mati sambandsins að samráð við sveitarfélögin skuli tryggt áður en reglur um inntak þjónustu (greiningar og langtímaeftirfylgd) eru settar eða þeim er breytt.

Athugasemdir sambandsins

Heiti stofnunarinnar og möguleg sameining við aðrar stofnanir

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að heiti stofnunarinnar breytist þannig að orðið „ríkisins“ falli brott og þannig gert ráð fyrir að stofnunin heiti Greiningar- og ráðgjafarstöð. Í úttekt Evrópumíðstöðvar um skóla án aðgreiningar á framkvæmd opinberrar menntastefnu frá 2017 er eindregið hvatt til þess að hverfa frá áherslu á greiningar á börnum og leggja þess í stað áherslu á snemmtækan stuðning og þverfaglega aðkomu á fyrri stigum. Til að undirstrika þetta hlutverk leggur sambandið til að heiti stofnunarinnar verði breytt í „Ráðgjafar- og greiningarstöð“.

Fjallað er um fyrri vinnu varðandi hugsanlega sameiningu stofnana í frumvarpsdrögum. Tekið er fram að sameining Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og Barna- og fjölskyldustofu hafi verið skoðuð en að ekki þyki tilefni til að sameina þessi verkefni að svo stöddu. Í ljósi áherslu á samþættingu þjónustukerfa á grundvelli “farsældarfrumvarpsins” og þess að verið er að gera breytingar á stofnanastrúktúr með tilkomu Gæða- og eftirlitsstofnunar og Barna- og fjölskyldustofu, telur sambandið að hér sé tækifæri til frekari sameininga er leiði til aukinnar skilvirkni og samhæfingar. Að lágmarki verði að tryggja að verkaskipting milli stofnananna sé skýr og góð samvinna verði þeirra á milli enda getur óskýr verkaskipting orðið til þess að verkefni falla á milli stofnana. Í þessu samhengi má benda á að á undanförunum árum hefur sambandið orðið vart við umræðu um að nokkur óvissa ríki um stöðu ákveðinna greiningarprófa og stöðlun þeirra þar sem ekki virðist ljóst hver ber ábyrgð á því verkefni. Sambandið leggur áherslu á ábyrgð ríkisins í þessum efnum og að viðkomandi ráðuneyti sjái til þess að ábyrgð á kaupum, stöðlun og uppfærslu á nauðsynlegum prófum sé skýr og fjármögnun tryggð.

Hlutverk stofnunarinnar

Sambandið leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að stofnunin hafi ráðgjafarhlutverkið í forgrunni og veiti sveitarfélögum um allt land víðtæka ráðgjöf og stuðning. Afar brýnt er að sveitarfélögin geti sótt sérhæfða ráðgjöf og stuðning í flóknum einstaklingsmálum til stofnunarinnar og að sú miðlæga þjónusta verði skilgreind sem hluti af verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Jafnframt þarf að fara í gegnum kostnaðarþátt þessarar verkaskiptingar og taka afstöðu til þess hvort eðlilegt sé að stofnunin taki gjald fyrir lögbundna þjónustu sína sem innheimt er beint af sveitarfélögum eða í gegnum jöfnunarsjóð. Á þetta reynir í tengslum við 7. tl. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsdraganna sem fellir gerð, fyrirlögn og úrvinnslu SIS-mats undir lögbundið hlutverk GRR.

Sambandið telur jákvætt að taka af skarið með þessum hætti um stjórnsýslulega stöðu mats á stuðningsþörfum, en nærtækara er að fjármögnun verði með sama

hætti og önnur lögbundin verkefni GRR, þ.e. með framlögum á fjárlögum. Hér bendir sambandið einnig á að samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald, útgáfu fræðsluefnis, aðstoð o.fl., sbr. 2. mgr. 11. gr. en að mati sambandsins er nokkuð óskýrt hvað það er nákvæmlega sem gert er ráð fyrir að stofnunin taki gjald fyrir í þessu samhengi sér í lagi hvað átt er við með „aðstoð“.

Skilgreiningar

Í 3. gr. draganna er unnið með skilgreiningar í gildandi lögum og þær uppfærðar með tilliti til þeirrar réttarþróunar sem átt hefur sér stað m.a. fyrir tilstilli Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks. Sambandið gerir ekki athugasemdir við uppfært orðalag en bendir á að athugasemdir kunni að berast úr þeirri vinnu sem unnið er að við greiningu á innleiðingu Íslands á efnisatriðum sáttmálans.

Stigskipting þjónustu

Í frumvarpsdrögnum er ekki að finna umfjöllun um stigskiptingu þjónustu. Í frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er gert ráð fyrir að skilgreina skuli alla farsældarþjónustu með tilliti til þess hvaða stigi hún tilheyrir. Í því ljósi telur sambandið algerlega nauðsynlegt að fjallað verði um stigskiptingu þjónustu í frumvarpinu þannig að þjónusta stofnunarinnar verði skilgreind út frá stigskiptingu. Þannig verði alveg ljóst hvaða markhópum stofnunin á að sinna.

Landshlutateymi


Ekki er kveðið á um tengingu stofnunarinnar við landshlutateymi en kveðið er á um það í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks (liður G3) að festa eigi þau í sessi. Í byggðaáætlun 2018-2024 er einnig mælt til þess að komið verði á fót þverfaglegum landshlutateymum (A4) til að styrkja heildstæða þjónustu á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála og er vinna hafin við það verkefni. Er það mat sambandsins að kveða þurfi skýrt á um aðkomu stofnunarinnar að þeim og hlutverk hennar í því sambandi.

Að lokum

Að lokum vill sambandið ítreka mikilvægi þess að stofnunin hafi ráðgjafarhlutverkið í forgrunni og veiti sveitarfélögum um allt land víðtæka ráðgjöf og stuðning án þess að krefjast endurgjalds fyrir lögbunda þjónustu. Slík ráðgjöf og stuðningur, hvort sem er í einfaldari málum eða fjölþættum, tryggir íbúum samræmda og góða þjónustu óháð búsetu.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri